



25. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 17. febrúar 2025 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), og Ágúst Angantýsson (ÁÁ).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðaði: Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK) og Jón Bender (JB).

HSJ ritaði fundargerð.

- Fundargerð síðasta fundar er komin á heimasíðuna.
- Yfirferð framkvæmdastjóra á málum frá síðasta stjórnarfundum
Farið yfir stöðu nokkurra mála sem hafa verið í vinnslu. Undanfarnar vikur hafa að mestu snúið að landsliðsverkefnum og undirbúningi fyrir þing 15. mars.
- Landsliðmál / gluggar febrúar
Kvennalandsliðið búið með sína leiki en báðir leikirnir í þessum glugga töpuðust. Samningur við Benedikt Guðmundsson þjálfara er að renna út og hefur verið ákveðið að semja ekki við hann. Benedikt skilar af sér góðu búi og efnilegu liði, honum er þakkað fyrir gott starf við uppbyggingu kvennalandsliðsins okkar. Karlaliðið mun leika sína tvo leiki á næstu dögum og markmiðið er skýrt, að tryggja liðið inn á EuroBasket 2025 sem fram fer næsta haust.
- Ársreikningur 2024
Farið yfir ársreikning síðasta árs, góð niðurstaða eða rúmar 6 milljónir í hagnað og þá er neikvætt eigið fé sambandsins um 17 milljónir.
- Fjárhagsáætlun 2025
Farið yfir fjárhagsáætlun ársins.
- Körfuknattleiksþing 15. mars - kjörnefnd/tillögur sem hafa borist/annað
Farið yfir þær tillögur sem borist hafa frá félögunum. Kjörnefnd skipuð en hana skipa Rúnar Birgir Gíslason formaður nefndarinnar og með honum Bryndís Gunnlaugsdóttir og Guðni Hafsteinsson.
- Önnur mál / til upplýsinga
Enginn önnur mál.

Næsti stjórnarfundur mánudaginn 3. mars kl. 17:00